



Kulturdepartementet (Sænska  
menningarmálaráðuneytið)  
Menningar- og lýðræðisráðherra Svíþjóðar

Norðurlandaráð  
Ved Stranden 18  
1061 København K  
Danmörku

## Svar við fyrirspurn um verndun menningarlandslags (E 12/2017)

Sonja Mandt, fulltrúi í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, hefur sent tvær spurningar varðandi löggjöf um verndun menningarlandslags til sænskra, danskra, finnskra og íslenskra stjórnvalda. Spurningarnar eru svohljóðandi: Hvaða lög gilda í löndunum um verndun menningarlandslags? Hvaða aðgerða hefur verið gripið til í því skyni að standa vörð um það? Svör landanna fylgja hér á eftir.

Í *Svíþjóð* gilda lög um menningarumhverfi (1988:950) þar sem kveðið er á um verndun m.a. byggingarminja, kirkjulegra menningarminja, fornminja og fornleifa og um útflutning eldri menningargripa. Auk þess er tilgreint í umhverfislögum (1998:808) að standa eigi vörð um og vernda náttúru- og menningarumhverfi. Umhverfislögin fela m.a. í sér möguleika á að koma á fót friðuðu menningarsvæði með það að markmiði að varðveita dýrmætt menningarlandslag. Sænska ríkisstjórnin telur, sjá tillögu 2016/17:116, að fela eigi fleiri yfirvöldum að móta stefnu sem hafa megi til hliðsjónar í málefnum menningarumhverfis.

Á *Íslandi* gilda ýmis lög um verndun menningarlandslags. Sjá fylgiskjal 2.

Samkvæmt stjórnarskrá *Finnlands* (731/1999) er viðhald menningararfsins á ábyrgð allra landsmanna. Einnig gilda þar lög sem hafa verndun menningarlandslags að meginmarkmiði. Landnýtingar- og byggingarlöggjöf (132/1999) og landnýtingar- og byggingarreglugerð (895/1999) eru mikilvægar fyrir verndun menningarlandslags og menningarumhverfis. Náttúruverndarlögin (1096/1996) fela í sér möguleika á að stofna sérstök landverndarsvæði, m.a. með það fyrir augum að vernda og varðveita

menningarlandslag. Eitt af markmiðum menningarumhverfisstefnu Finna (2014–2020) er að auka skilning og áhuga á menningarlandslaginu.

Í *Danmörku* er hugtakið menningarlandslag ekki notað, heldur er þar talað um verðmætt landslag. Þó er þar landslag sem á grundvelli náttúrugildis og menningarsögulegra þátta getur talist til menningarumhverfis. Þessir staðir njóta m.a. verndar *skipulagslaga* og *náttúruverndarlaga*. Auk þess er Danmörk aðili að Evrópska landslagssáttmálanum og þar með að alþjóðlegum samningi um verndun landslags.

Í fjórum fylgiskjölum, einu frá hverju landi, er að finna ítarlegri svör.

Alice Bah Kuhnke